

## Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

15. fundur haldinn í fundarsal A hjá ÍSÍ 25. 4. 2016 kl. 20:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson formaður, Kristinn Arason varaformaður, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, Sunna Sigurðardóttir gjaldkeri, Kristín Ívarsdóttir ritari, Berglind Pétursdóttir formaður tækninefndar kvenna, Hlín Bjarnadóttir formaður fræðslunefndar, Þóra Margrét Hjaltested formaður laganefndar, Sólveig Jónsdóttir framkvæmdastjóri og Sæunn Viggósdóttir fjármálastjóri.

Forföll boðaði: Íris Svavarsdóttir

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

### 1. Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 6. gr. laga FSÍ

*Boðun fimleikaþings*

Að fimleikaþing skuli vera haldið fyrir lok September í stað lok maí

### 2. Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 11. gr. laga FSÍ

*Flettukosning lögð til*

Lagt til að kosið verði til tveggja ára formann og stjórnarmenn í FSÍ með flettukosningu, varamenn kosnir til eins árs. Eins að stjórnarmenn þurfi að bjóða sig tveimur vikum fyrir þing eins og formaður.

### 3. Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 12. gr. laga FSÍ

Ekki er um efnislega breytingu að ræða, aðeins er verið að skerpa á fyrirmælum.

### 4. Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 17. gr. laga FSÍ

*Málsgrein bætist við*

Ákvæði reglugerða og reglna settum af stjórn FSÍ sem leggja íþyngjandi fjárhagslegar kvaðir eða skuldbindingar á aðildarfélögin skulu hafa stoð í samþykktum fjárhagsáætlunum sambandsins.

### 5. Tillaga frá stjórn FSÍ um nýja 24. gr. laga FSÍ

*Heimild til að taka upp leyfiskerfi*

Greinin fjallar um að stjórn FSÍ hefur heimild til að taka upp leyfiskerfi.

## 6. Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 25. gr. laga FSÍ

*Bætt við lagagreininguna*

Leyfiskerfi bætt við og er í tengslum við nýja 24. gr. varðandi leyfiskerfi.

## 7. Tillaga frá Gerplu nr. 1

*Tillaga um lagabreytingu á 24. gr. laga FSÍ*

Stjórn Gerplu telur nauðsynlegt að skýra innihald 5. og 24. greinar laga ???????

## 8. Tillaga frá Gerplu nr. 2

*Varðandi aðgangseyri á mót FSÍ*

Að aðgangseyrir á mót á vegum FSÍ verði ekki hærra en 1500 krónur inn á mótið í heild fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri.

Ekki skal rukkað inn fyrir einstaklinga 15 ára og yngri.

## 9. Tillaga frá Gerplu nr. 3

*Varðandi launagreiðslu dómara*

Minnir á mikilvægi þess að stjórn FSÍ gangi skrefið til fulls og taki yfir dómara á öllum FSÍ mótum frá og með næsta hausti.

## 10. Tillaga frá UMF Selfoss a)

*Varðandi aðgangseyrir á mót á vegum FSÍ*

Tillaga um hámarks aðgangseyri á FSÍ mót.

## 11. Tillaga frá UMF Selfoss b)

*Varðandi launagreiðslu dómara*

Minnir á mikilvægi þess að stjórn FSÍ gangi skrefið til fulls og taki yfir dómara á öllum FSÍ mótum frá og með næsta hausti.

## Önnur mál



Berglind ræðir um skipulag á mótum og þá sérstaklega GK meistaramótið.

**Fundi slitið klukkan 21:**

**16. fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 9. maí kl. 20:00**